

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2017, mánudaginn 16. október kl. 13.15 var haldinn 250. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundinn sátu: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Rakel Óskarsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson að hluta og Marta Guðjónsdóttir að hluta í fjarveru Áslaugar M. Friðriksdóttur. Einnig tók þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð stjórnarfundar 249 undirrituð og staðfest.
2. Lögð fram og kynnt ný fjárhagspá 2018-2023 fyrir samstæðu OR.

- Kl. 14.00 tekur Marta Guðjónsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 14.15 vikur Bjarki Þorsteinsson vikur af fundinum.

Frestað.

Kjartan Magnússon lagði fram eftirfarandi tillögu:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til sem fyrst verði ráðist í aðgerðir til að efla hreinsibúnað Veitna í því skyni að lágmarka það magn plastagna, sem berst út í sjó frá skólphreinsistöðvum fyrirtækisins. Minnt er á fyrri tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um málið frá 26. september 2016. Forstjóra er falið að óska eftir tillögum um aðgerðir og kostnað vegna þeirra frá stjórn Veitna í tengslum við fjárhagsáætlun 2018.

Frestað.

Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, Bjarna Frey Bjarnasyni, Inga Dóra Hrólfisdóttir, framkvæmdastjóri Veitna ohf., Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON og Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri GR, tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á stöðu fjármögnunar Orkuveitu Reykjavíkur

Ingvar Stefánsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lögð fram upplýsingaöryggisstefna og upplýsingatæknistefna. Samþykkt.

5. Fram fer kynning á stöðu stefnuverkefna

Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lagt fram minnisblað meirihluta starfskjaranefndar um þörfina á starfskjaranefnd og aðra valkosti. Lögð fram tillaga um óbreytt ástand. Tillögunni fylgir greinargerð. Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Rakelar Óskarsdóttur. Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá og óska bókað:

Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir ítreka þá skoðun sína að ekki sé þörf á sérstakri nefnd til að fjalla um um kjör forstjóra og innri endurskoðanda með þeim kostnaði sem slíku fylgir.

7. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismála og forðagæslu, dags. 12. október 2018.

Edda Sif Aradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga Jakobs Sigurðar Friðrikssonar um hækkun gjaldskrár veiðigjald í Elliðaánum ásamt greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir, með fyrirvara um samþykki Reykjavíkurborgar tillögu Stangveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) um breytingar á verðskrá í Elliðaám fyrir árið 2018.

Samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál.
- Ákveðið að starfsdagur stjórnar verði mánudaginn 20. nóvember nk. kl 9-12. Stjórnarfundur verði eftir hádegi þann sama dag kl 13.15-17.00.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 17.00**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Marta Guðjónsdóttir
Sigríður Rut Júlíusdóttir

Kjartan Magnússon
Rakel Óskarsóttir
Björn Bjarki Þorsteinsson.